


LANDMÆLINGAR ÍSLANDS ÁRSSKÝRSLA 2008
NATIONAL LAND SURVEY OF ICELAND ANNUAL REPORT 2008



LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS



Lærum hvert af öðru

Árið 2008 var hagstætt fyrir Landmælingar Íslands og segja má að starfsemin hafi verið í góðu jafnvægi hvað varðar hæfni starfsmanna, skýra stefnu, trausta fjármálastjórn og metnaðarfull verkefni. Þetta jafnvægi var kærkomið eftir miklar breytingar á starfseminni í kjölfar nýrra laga sem tóku gildi 1. janúar 2007. Í upphafi ársins 2008 var ákveðið að þema ársins í starfseminni skyldi vera „lærum hvert af öðru“ og er með sanni hægt að tengja það við flest verkefni sem unnin voru á árinu. Samvinna stofnunarinnar við ráðuneyti, ríkisstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki er nauðsynleg og þar skiptir miklu að fá aðgang að þekkingu og gögnum sem aðrir búa yfir.

Það verkefni sem tók mestan tíma á árinu 2008 var svokölluð CORINE-landgerðarflokkun (enska: Coordination of Information on the Environment) sem snýst um að flokka allt land á Íslandi eftir landgerðum og landnýtingu á grundvelli flokkunarkerfis sem notað er um alla Evrópu. Þetta verkefni er dæmigert fyrir verkefni sem krefst mikillar samvinnu og að gögnum sé miðlað án hindrana til að ná settu marki. Stefnt er að því að verkefninu ljúki á fyrri hluta ársins 2009 og munu niðurstöðurnar þá verða kynntar.

Auk CORINE-verkefnisins var unnið að ýmsum mikilvægum verkefnum við öflun og miðlun landupplýsinga s.s. við að endurskoða IS 50V gagnagrunninn. Þessi gagnagrunnur er nú notaður víða í samfélaginu s.s. í leiðsögukerfum, við skipulagsverkefni og í ýmsum veflausnum. Haldið var áfram GPS mælingum á vegum og slóðum á hálendi Íslands í samvinnu við Ferðaklúbbinn 4x4 sem lagði til sérútbúna bíla. Þetta verkefni er mikilvægur hlekkur í aðgerðum stjórnvalda við að koma á skýrum reglum og leiðbeiningum til að reyna að koma í veg fyrir utanvegaakstur.

Verkefni Landmælinga Íslands á sviði landmælinga eru nær öll langtímaverkefni þar sem þörf er á úthaldi og þrautseigju. Þessum verkefnum má skipta í tvennt: annars vegar viðhald og rekstur landshnitakerfis og uppbygging GPS jarðstöðva og hins vegar mæling nýs hæðarkerfis. Bæði þessi verkefni hafa krafist náinnar samvinnu við aðrar stofnanir og þar ber sérstaklega að nefna Vegagerðina og Landsvirkjun sem hafa um árabíl tekið þátt og stutt verkefni. Á árinu 2009 hillir undir að fyrsta útgáfa af nýju hæðarkerfi fyrir allt landið verði gefin út en það verða mikil tímamót í sögu landmælinga á Íslandi.

Vert er að minnst á mikilvægi erlends samstarfs fyrir starfsemi Land-

mælinga Íslands. Stofnunin nýtur þess ríkulega að vera í öflugu norrænu samstarfi við systurstofnanir en að auki er hún virkur þátttakandi í starfi EuroGeographics sem eru samtök korta- og fasteignastofnana frá 43 Evrópulöndum. Eitt af grunnmarkmiðum norræna og evrópska samstarfsins er að skiptast á þekkingu og lausnum en að auki eru stofnanir innan EuroGeographics að vinna að þróun innra skipulags til að samþætta landfræðileg gögn í hverju landi og til að geta boðið upp á samevrópskan landupplýsingagrunn til margvíslegra nota.

Landmælingar Íslands hafa á síðustu árum fengið nýtt hlutverk og í stað kortaútgáfu snýst starfið nú um að safna gögnum, skrá grunnupplýsingar og miðla þeim eftir nýjum leiðum. Framundan eru aukin verkefni á þessu sviði því gert er ráð fyrir því að stofnunin verði í forystuhlutverki við að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar sem nefnist INSPIRE. Tilskipuninni er ætlað að bæta sem mest aðgengi að landupplýsingum hjá opinberum aðilum. Landmælingar Íslands gera ráð fyrir því á næstu árum að vinna náið með umhverfisráðuneytinu, sveitarfélögum og ríkisstofnunum við að innleiða INSPIRE hér á landi.

Þrátt fyrir að árið 2008 hafi í heild einkennst af stöðugleika í starfsemi Landmælinga Íslands er ekki hægt að segja það sama um efnahagslíf þjóðarinnar eftir hrun bankakerfisins í október 2008. Horfur eru nú þungar í ríkisrekstrinum og nauðsynlegt að skoða vel hvort fyrirkomulag og forgangsröðun verkefna geti verið með öðrum og betri hætti en nú er. Þar eru málaflökarnir landmælingar og landupplýsingar ekki undanskildir því starfsemi og gögn á því sviði eru dreifð á milli margra opinberra aðila. Þar er verk að vinna sem fellur vel að hugmyndafræði INSPIRE tilskipunarinnar.

*Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands*



Hafnarfjall.

*Bæjarey á Breiðarfirði.*

Let's learn from each other

The year 2008 was a rewarding year for the National Land Survey of Iceland (NLSI). The operation could be said to have been well balanced as for staff skills, clear policies, sound financial management and ground-breaking projects. This equilibrium was very welcome, as it followed extensive changes in operations in the wake of new legislation that came into effect on 1 January 2007. At the beginning of 2008, the decision was made to make the operational theme for the year "let's learn from each other", and it can truly be said that this slogan can be linked to the majority of projects undertaken during the year. The agency's collaboration with ministries, public bodies, local authorities and companies is of extreme importance, not least the need to have access and data held by others.

The project that took the most time in 2008 is what has been referred to as the CORINE Land Cover (Co-ordination of Information on the Environment), which involves classifying all land in Iceland according to type and use on the basis of a classification system used throughout Europe. This project is typical of projects requiring extensive co-operation and the dissemination of data without obstacles to achieve set goals. Completion of the project is expected during the first part of 2009. The results will be presented at that time.

In addition to the CORINE project, work was carried out on a number of important projects involving the acquisition and distribution of spatial information, e.g. revising the IS 50V database. This database is currently widely used by the public and institutions, such as in navigation systems, in planning projects and various web-based solutions. The agency continues the GPS mapping of roads and trails in the Icelandic highlands in co-operation with Travel Club 4x4, which provides specially equipped vehicles. This project is an important link in the Government's plans to establish clear rules and guidelines in an effort to prevent off-road driving.

The NLSI's projects in the field of surveying are almost all long-term projects requiring endurance and persistence. These projects can be divided into two: on the one hand, the maintenance and operation of a geodetic reference system and the development of permanent GPS stations and, on the other, the construction of a new harmonised vertical reference system. Both these projects have required close collaboration with other institutions, such as the Icelandic Road Administration and Landsvirkjun, which have participated in and supported

projects for a number of years. The first edition of a new harmonised vertical reference system for the entire country is expected to be published in 2009, and will be a milestone in the history of surveying in Iceland.

Also worth mentioning is the importance of overseas co-operation for the operation of NLSI. The agency benefits enormously from participating in dynamic Nordic co-operation with sister agencies. Moreover, NLSI participates in the work of EuroGeographics, the association representing the mapping and cadastral agencies of 43 European countries. One of the basic goals of the Nordic and European collaboration is to exchange knowledge and solutions. Moreover, the agencies within EuroGeographics are hard at work on the development of an internal system to integrate geographical data in each country and to be able to offer a pan-European land information database for a variety of uses.

In recent years, the NLSI has been entrusted with a new role and, instead of publishing maps, its work now involves collecting data, documenting basic information and distributing such information by new means. An increased number of projects in this field lie ahead and it is anticipated that the agency will play a leading role in implementing the EU directive on spatial information referred to as INSPIRE. The directive is intended to improve as much as possible access to spatial information held by public entities. In the next few years, the NLSI expects to work closely with the Ministry for the Environment, municipalities and government institutions in the implementation of INSPIRE in Iceland.

Although the year 2008 as a whole was characterised by stability in the operation of NLSI, the same cannot be said of Iceland's economy after the collapse of the banking system in October 2008. The outlook in the public sector is now bleak and it is vital to closely examine whether the arrangement and prioritisation of projects can be changed and improvements made. The categories relating to surveying and spatial measurements cannot be exempt in this respect, as the operation and data in the field are dispersed between many public bodies. The work needed here fits in well with the ideology of the INSPIRE directive.

Magnús Gudmundsson
Managing Director of NLSI

*Starfsfólk Landmælinga Íslands í október 2008.*

Starfsmannamál

Á árinu 2008 hófst undirbúningur að aukinni hópavinnu hjá Landmælingum Íslands. Markmiðið með henni er að þróa meiri sveigju meðal starfsmanna, auka hæfni þeirra og opna fyrir þverfaglega starfsemi innan stofnunarinnar án tillits til fagsviða eða málaflokka. Þá hófst á árinu innleiðing viðverkerfisins Vinnustundar sem er hluti af mannauðskerfi ríkisins. Vinnustundin kemur í stað Bakvarðar sem hefur „staðið vaktina“ frá árinu 1995.

Ný jafnréttisstefna, sem miðar að því að jafna stöðu kynja og kveður á um markmið og aðgerðir þar að lútandi, var samþykkt í febrúar 2008. Jafnréttisstefnan er ásamt öðrum stefnum í skipulagshandbók Landmælinga Íslands og er þannig séð til þess að henni sé framfylgt og hún endurskoðuð árlega.

Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, sem sett er á grundvelli þeirra, var á árinu gerð skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Í þeirri áætlun felst áhættumat sem er kerfisbundin athugun, gerð til þess að kanna hvort eitthvað í vinnuumhverfinu geti

hugsanlega leitt til andlegs eða líkamlegs tjóns. Áhættumatinu fylgir áætlun um heilsuvernd og forvarnir ásamt eftirfylgni. Áhættumatið fer fram einu sinni á ári og er hluti af fyrrnefndri skipulagshandbók, sem tryggir árlega endurskoðun þess.

Landmælingar Íslands tóku þátt í könnun SFR um stofnun ársins 2008 og hrepptu 6. sæti í flokki smærri stofnana með einkunnina 4,34. Sé litið á könnunina í heild þar sem um er að ræða bæði stórar og smærri stofnanir hlaut stofnunin einnig 6. sæti af tæplega 100 stofnunum.

Á árinu 2008 störfuðu 29 starfsmenn hjá Landmælingum Íslands og voru ársverk 25,6. Meðalaldur starfsmanna var 43 ár og meirihluti starfsmanna eða 59% voru konur.

Mikil áhersla hefur verið lögð á endurmenntun starfsmanna en stefnan hefur verið sú að 0,8% af föstu fjárframlagi ríkisins sé varið til endurmenntunar. Á árinu 2008 var talan heldur hærrí eða 1% og sóttu 26 starfsmenn endurmenntun af einhverju tagi.

Personnel issues

In 2008, preparations began for the implementation of greater team work within NLSI. The goal was to develop greater flexibility among staff, increase their capabilities and open up possibilities for interdisciplinary activities within the institute, irrespective of professional fields or subject areas.

A new equality policy, for the purpose of promoting gender equality and which provides for goals and actions thereto, was approved in February 2008.

According to the Act on Working Environment, Health and Safety in the Workplace and the Regulation on measures against bullying, established thereon, a written plan of action on safety and health in the workplace was prepared during the year. The plan includes a risk assessment that is continuously under review, and which has been prepared to examine whether anything in the environment could possibly lead to mental or physical harm. The risk assessment includes a plan on health protection and preventative measures together with

follow-ups. The risk assessment is performed once a year and is part of a procedures manual, which ensures it is reviewed annually.

NLSI participated in the survey on the 2008 Exemplary Institution of the year conducted by SFR, and achieved 6th place in the category of smaller public bodies with the grade of 4.34. If account is taken of the survey as a whole, including both larger and smaller public bodies, the agency also achieved 6th place out of just under 100 bodies.

In 2008, there were 29 employees working for NLSI, and man-years numbered 25.6. The average age of employees was 43, and the majority (59%) were women.

Considerable focus has been placed on continuing education for employees. The policy followed has been that 0.8% of the agency's budget appropriations shall be spent on continued education. In 2008, this amount was considerably higher (1%), and 26 employees undertook continued education in one form or another.



INSPIRE

Þann 15. maí 2007 tók gildi í Evrópusambandinu tilskipun um notkun og miðlun landupplýsinga sem nefnist INSPIRE (e. Infrastructure for Spatial Information in the European Community).

Meginmarkmið INSPIRE er gott aðgengi samfélagsins að landfræðilegum gögnum og upplýsingum og er áhersla lögð á upplýsingar sem þurfa að vera fyrir hendi til að fylgjast með og bæta ástand umhverfisins. INSPIRE tilskipuninni er ætlað að nýta sem best tækifæri til að nota gögn sem þegar eru fyrir hendi með því að skrá þau og taka í notkun netþjónustur sem tryggja aðgengi þeirra.

Tilskipunin verður tekin upp hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið en talið er að um 50% af öllum þeim upplýsingum sem undir INSPIRE tilskipunina falla séu á forræði umhverfisráðuneytisins og stofnana þess.

Í bréfi dagsettu 2. júlí 2008 óskaði umhverfisráðuneytið eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin hæfi vinnu við að undirbúa innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar á Íslandi. Óskað var eftir því að unnin yrði sérstök könnun og greinargerð um eftirfarandi atriði:

- Hvaða stofnanir kunni að falla undir tilskipunina.
- Stöðu gagnagrunna þeirra stofnana sem tilskipunin nær til.
- Kortlagning á því á hvaða formi gagnagrunnarnir eru og hvað þurfi til að koma þeim á samræmt staðlað form eins og tiltekið er í tilskipuninni.
- Þann kostnað sem líklegt er að falli til við að koma gögnunum á það form sem tilskipunin krefst.



Landmælingar Íslands stofnuðu vinnuhóp um verkefnið sem vann í náinni samvinnu við starfsmenn umhverfisráðuneytisins að skýrslu sem gefin var út í nóvember 2008. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Landmælinga Íslands www.lmi.is. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur meðal annars fram að vinna þurfi að heildarstefnumótun á sviði landupplýsinga fyrir Ísland og ná þannig fram aukinni hagræðingu og bættri þjónustu fyrir samfélagið. Einnig er bent á mikilvægi þess að samræma innkaup opinberra aðila á grunnögnum fyrir samfélagið og tryggja þannig gæði gagna og samnýtingarrétt opinberra aðila á Íslandi.

Í skýrslunni var einnig lagt mat á kostnað og ávinning af því að taka upp INSPIRE á Íslandi. Þrátt fyrir að innleiðingu tilskipunarinnar fylgi einhver kostnaður fyrir þá aðila sem tilskipunin nær til er gert ráð fyrir að ávinningur af því að taka INSPIRE upp hér á landi sé verulegur.

INSPIRE

A European Union directive on the use and distribution of spatial information came into effect on 15 May 2007. The directive is referred to as INSPIRE (Infrastructure for Spatial Information in the European Community).

The key goal of INSPIRE is to ensure the society's accessibility of geographical information. The main focus is on information that must be available in order to monitor and improve environmental conditions. The INSPIRE directive is intended to make the most of the opportunity of using data that's already-available by recording such data, using web services geared towards making local data accessible. The directive will be adopted in Iceland on the basis of the Agreement on the European Economic Area. It is assumed that approximately 50% of the information covered by the INSPIRE directive is under the control of the Ministry for the Environment and its agencies.

In a letter dated 2 July 2008, the Ministry for the Environment requested the NLSI to begin work on preparing for the implementation of the INSPIRE directive in Iceland. The Ministry requested the preparation of a survey and a report on the following issues:

- What agencies may be covered by the directive;
- The status of the databases that the directive may apply to;
- An outline of what format the databases are in and what will be

needed to convert them to a uniform standard format as provided for in the directive;

- The likely cost of converting the data into the format required by the directive.

The NLSI established a working group for the project. The working group worked closely with the employees of the Ministry for the Environment and submitted a report in November 2008. The report can be accessed on the website of NLSI, www.lmi.is. The conclusions of the report reveal, among other things, that work will have to be embarked on as regards overall policy formulation in the field of spatial information for Iceland and thereby achieving increased rationalisation and better services for the community. Also pointed out was the importance of harmonising public procurement of basic data for the community and thereby ensuring both the quality of the data and the common utilisation rights of public bodies in Iceland.

The report, moreover, evaluated the cost and benefits of adopting INSPIRE in Iceland. Although the implementation of the directive will inevitably involve some cost for the entities covered by the directive, it is believed that the benefits of adopting INSPIRE in Iceland are considerable.




Staðlaskýrsla

Eitt af lögbundnum verkefnum Landmælinga Íslands er að hafa frumkvæði að gerð og notkun staðla á sviði landupplýsinga. Þörfin á stöðlun og samræmdum vinnubrögðum er mikil og tengist það beint auknum kröfum um bætt aðgengi að gögnum. Sífellt fleiri fagaðilar beita sér fyrir meiri samvinnu við öflun, vinnslu og nýtingu gagna. Landmælingar Íslands ásamt LÍSU-samtökunum gáfu út skýrslu um evrópska staðla á sviði landupplýsinga á árinu 2008 og var það liður í því að styðja við innleiðingu þessara staðla hér á landi. Sumir staðlanna hafa nú þegar tekið gildi hér á landi og var samantektin gerð í þeim tilgangi að færa þá nær fagfólki sem vinnur með landupplýsingar. Í skýrslunni er fjallað um stjórnsýsluna í kringum þetta verkefni hér á landi, gæði í samskiptum með gögn og mikilvægi lýsigagna. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Landmælinga Íslands www.lmi.is.



Örnefni

Örnefni er ein stafræn þekja af sjö í IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands. Örnefni eru að mestu fengin af útgefnum kortum stofnunarinnar. Á árinu var unnið að því að bæta örnefnum inn í IS 50V grunn stofnunarinnar og lagfæra staðsetningu nafna í samráði við nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en í gildi er samstarfssamningur milli stofnananna. Þessum tveimur stofnunum hafa með lögum verið falin skyld verkefni á sviði örnefnamála og vinna þær að því að koma upp sameiginlegum gagnagrunni um örnefni á Íslandi. Báðar stofnanir munu geta notað grunninn á sama tíma og sett inn örnefni og staðsett þau á auðveldan hátt með veflausn sem undirbúin var á seinni hluta ársins 2008. Landmælingum Íslands berast reglulega athugasemdir um örnefni frá almenningi. Þessar athugasemdir eru bornar undir nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar en sú stofnun tekur ákvarðanir varðandi staðsetningu, rithátt og heimildir. Séu athugasemdirnar samþykktar eru gerðar breytingar í IS 50V grunninum og heimild fyrir breytingunni er skráð um leið.



Standards report

One of the statutory tasks of the NLSI is to take the initiative in the preparation and use of standards in the field of spatial information. Increased demands for improved access to data, not least demands for more co-operation in the acquisition, processing and utilisation of data, mean that the need for standardisation and uniform processes is pressing. The NLSI, together with the LÍSA association, issued a report in 2008 on European standards in the field of spatial information. Some of these standards are already in effect in Iceland. The summary was prepared for the purpose of bringing them closer to the professionals who work with spatial information. The report discusses the administrative aspects involved in this project in Iceland, the quality of interactions with data and the importance of metadata.

Topographical names

Topographical names are one digital layer of seven in the IS 50V database operated by NLSI. The place names have for the most part been obtained from the agency's published maps. Work was carried out on adding place names to the agency's IS 50V database during the year, as well as on adjusting their positioning in co-operation with the Department of Name Studies at the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies, with which the agency has a partnership agreement. These two institutions have, pursuant to law, been assigned related tasks in the field of place names and are making an effort to establish a joint database for such names in Iceland. Both will be able to use the database at the same time and will be able to enter place names and position them easily. The NLSI regularly receives comments on place names from the public. If the comments are approved, changes are made to the IS 50V database and the source of the change is recorded at the same time.




Landupplýsingagögn Landmælinga Íslands

Á árinu 2008 var unnið við uppfærslu á nokkrum lögum IS 50V gagnagrunnsins en stöðug uppfærsla er nauðsynleg til að viðhalda grunninum. Meðal annars voru útlínur uppistöðulóna uppfærðar og þéttbýlisflákar yfirfarnir auk þess sem mannfjöldaupplýsingar voru tengdar við þá. Þá var einnig unnið að uppfærslu á örnefnalagi en stofnuninni berast reglulega ýmiss konar athugasemdir við örnefni. Vegamælingar héldu áfram á árinu 2008 og í samvinnu við Ferðaklúbbinn 4x4 voru mældir um 1500 km af slóðum á hálendi Íslands. Mælingarnar gengu vel enda var sumarið gott og viðraði vel til mælinga á hálendinu. Svæðið sem var mælt er allt innan svokallaðrar hálendislínu en alls eiga 21 sveitarfélag landssvæði innan hennar og er mælingum nánast lokið í 9 sveitarfélögum, þ.e. Hrunamannahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Bláskógabyggð, Akrahreppi, Eyjafjarðar-sveit og Þingeyjarsveit. Að auki var talsvert mælt í Borgarbyggð og í Rangárþingi ytra sumarið 2008 og eru mælingar í þeim sveitarfélögum langt komnar.

Ýmsar aðrar uppfærslur voru gerðar á landupplýsingagögnum stofnunarinnar meðal annars var regluleg uppfærsla á IS 500V og Euro-RegionalMap gagnagrunnunum. Að auki var unnið við skipulag og hönnun gagnagrunnanna sjálfra einkum við einföldun skipulagsins til að auðvelda uppfærslur og umsýslu í framtíðinni. Við gagnagrunnavinnuna þarf út-

sjónarsemi og þekkingu og hafa starfsmenn Landmælinga Íslands núorðið mikla þekkingu í uppbyggingu landupplýsingagrunna.

Rannsóknir og þróun skipta stöðugt meira máli í starfsemi Landmælinga Íslands og á árinu 2008 var meðal annars unnið að undirbúningi og rannsóknnum vegna uppfærslu hæðarlína IS 50V. Gerðar voru tilraunir með ýmis gögn og unnið að því að meta nákvæmni þeirra og gæði. Þá fóru einnig fram frumathuganir vegna vatnafars, en uppfærsla á vatnafarslagi IS 50V er á dagskrá næstu ára.



Gulí liturinn á myndinni sýnir mælingar sumarsins 2008.

NLSI's spatial information data

In 2008, several layers of the IS 50V database were updated. Continuous revision is necessary to maintain the database. These revisions included updates of the outlines of reservoirs, urban polygons and, moreover, linking them with population information. Furthermore, the topographical names level was updated, as the agency regularly receives comments on such names. Road surveys continued in 2008 with approximately 1,500 km of tracks in the highlands of Iceland being measured in co-operation with the Travel Club 4x4. Measurements went well as that summer was a good one and there was excellent weather for surveying in the highlands. The area being surveyed is entirely within what has been referred to as the highland line. A total of 21 municipalities own land within this line. Of these, measurements are almost complete in nine municipalities. In addition, extensive measurements were performed in the municipalities of Borgarbyggð and in Rangarthing ytra in summer 2008, where measurements are nearing completion.

Various other updates were made to the agency's spatial information data, including the regular updates of IS 500V and EuroRegional-Map databases. In addition, work was carried out on organizing and designing the databases themselves, i.e. the simplification of the organization to simplify all future updates and management. The database work requires resourcefulness and expertise. NLSI employees have acquired considerable knowledge of the structure of countrywide spatial information databases.

Research and development have steadily become more and more important in the operation of NLSI, and work in 2008 included preparations and research relating to the updating of contour lines in IS 50V. Experiments were made with various data and work was carried out on assessing the accuracy and quality of such data. Furthermore, there were investigations relating to hydrology, as an update of the hydrology layer of IS 50V is planned in the near future.


Hæðarlíkan

Hæðarlínur IS 50V flokkast sem grunngögn hjá Landmælingum Íslands. Þær lýsa hæð landsins frá strandlínu til hæstu tinda. Góðar hæðarlínur skipta gríðarlega miklu máli. Fyrir utan að lýsa landslagi almennt, hæðum og lægðum, nýtast hæðarlínur við hvers kyns þrívíða framsetningu á landi. Hvers kyns þrívíðarvinnsla ryður sér nú mjög ört til rúms og benda má á að flatarmál Íslands eykst um 2-3% sé tillit tekið til þess að landið er hæðótt en ekki flatt.

Í gagnagrunni Landmælinga Íslands eru þessi gögn komin talsvert til ára sinna. Þau voru upphaflega unnin af bandaríska hernum vegna útgáfu korta af öllu landinu í mælikvarða 1:50 000. Elstu gögnin eru því rúmlega 50 ára. Aldur segir hins vegar ekki allt því sú aðferð sem notuð var við gerð hæðarlínanna telst enn mjög nákvæm. Það eru hins vegar breytingar á landinu sem draga úr áreiðanleika gagnanna. Er þá fyrst og fremst átt við jöklana sem hafa minnkað verulega. Þannig hafa á stöku stað myndast 150 m djúpir dalir og gil sem áður voru fyllt jökli. Þetta þýðir einnig að stór landsvæði hafa komið undan jökli sem aldrei hafa verið kortlögð af Landmælingum Íslands.



Þrívíðarlíkan af Akrafjalli.



Hæðarlíkan af Eiríksjökli fengið með leysigeislamælingum.

Hjá Landmælingum Íslands er hæðargagna af öllu landinu aflað úr ýmsum áttum. Því er nauðsynlegt að leggja mat á hver séu gæði aðsendra gagna og hvort þau uppfylli gæðakröfur. Til þess hafa Landmælingar Íslands mælt nákvæma viðmiðunarpunkta til að bera saman við aðsend gögn. Sé munurinn innan tiltekinna skekkjumarka teljast þau tæk í gagnagrunn Landmælinga Íslands.

Á árinu 2008 hófst vinna við verkefni hjá stofnuninni sem miðar að uppfærslu hæðarlína í IS 50V. Hluti af þeirri vinnu er öflun góðra viðmiðunargagna sem viðast af landinu. Ný gögn sem stofnunin hefur aflað eru m.a. gögn sem opinberar stofnanir og fyrirtæki hafa látið vinna á umliðnum árum, einkum vegna virkjanarannsóknna á hálendi landsins.

Elevation model

IS 50V contour lines are classified as base data at the NLSI. They describe the height of the land from the coast to the highest peaks. Good contour lines are extremely important. Apart from describing the landscape in general, hills and depressions, contour lines are useful in all types of 3-D representation of land. All kinds of 3-D processing are fast becoming the norm, and it must be pointed out that Iceland's surface area increases by 2-3% if account is taken of the fact that it is hilly and not flat.

The data in NLSI's database is rather old. The data was initially prepared by the US Army for the publication of a map of the entire country on a scale of 1:50 000. The oldest data, therefore, is over 50 years old. Age, however, does not tell the whole story, as the method used in the preparation of the contour lines is still considered to be very accurate. However, it is the changes to the land that reduce the accuracy of the data. This refers first and foremost to the glaciers, which have diminished considerably. Thus, in a few places, 150 m long


valleys have been revealed that were previously filled with glaciers. This also means that large areas that have never been mapped by the NLSI have appeared from under the glaciers.

The NLSI collects contour data on the entire country from various sources. As a result, it is necessary to assess the quality of submitted data and examine whether such data fulfils quality requirements. To do so, the NLSI has measured precise reference points to compare with submitted data. If the difference is within a certain margin of error, the data is considered acceptable for entry in NLSI's database. In 2008, work began at the agency on a project focused on updating contour lines in IS 50V. A part of this work is the acquisition of quality reference data from as many places in Iceland as possible. New data that the agency has acquired includes data that public bodies and companies have had prepared in past years, particularly due to power plant research in Iceland's highlands.



Miklar færslur í jarðskjálfta

